

RÉTTUR.

FRÆDSLURIT UM FÉLAGSMÁL OG MANNRÉTTINDI.

RITNEFND:

BENEDIKT JÓNSSON, AUBNUM, JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU,
ÞÓRÓLFUR SIGURÐSSON, BALDURSHÉIMI,
PÁLL JÓNSSON, HVANNEYRI, BENEDIKT BJARNARSON, HÚSAVÍK,
BJARNI ÁSGEIRSSON, KNARRARNESI.

FYRSTA ÁR. I. HEFTI.

ADALÚTGEFANDI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:

ÞÓRÓLFUR SIGURÐSSON.



ÁKUREYRI.

PRENTSMÍÐJA ODDS BJÖRNSSONAR.

1915.

EFNISSKRÁ.

	Bls.
Sigurgeir Friðriksson: Ræktun lýðs og lands	4
Þórólfur Sigurðsson: Formáli	5
Þórólfur Sigurðsson: »Réttur«	7
Indriði Þorkelsson: Röðull réttlætisins	14
Benidikt Jónsson: Stríðið	17
Jónas Jónsson: Markaðsverð	33
Benidikt Bjarnarson: Jarðvegurinn	43
Sigurgeir Friðriksson: Gull, silfur og pappír	54
Neistar (B. J., S. F., P. S.)	60
Hulda Garborg: Kvenfólkið og Þjóðfélagið (P. S.)	69
Þórólfur Sigurðsson: Auðsjafnaðarkenningar	88
Heimsendanna á milli	106
Bókaskrá	110
Afgreiðsla »Réttar«	112

Markaðsverð.

Flestir munu hafa veitt því eftirtekt, að fræðimönnum virðist ganga miklum mun erfiðara að komast að fastri niðurstöðu um þau atriði, sem einkum snerta mannlega hagsmuni, fremur en þau, sem svo að segja liggja utan-
garðs í mannheimi. Þannig verður hver uppgötvun í hin-
um svonefndu dauðu vísindum alheimseign, þegar hún
hefir verið reynd og sönnuð. Þannig eru nú mjög mörg
þviðurkend sannindi í stjörnufræði, eðlis- og efnafræði,
jarðfræði o. s. frv. Sannindi þessara fræðigreina eru jafn-
viðurkend í höllum auðmannanna eins og í hreysum ör-
eiganna. En þetta góða samlyndi um sannleikann hverfur
að miklu leyti í þeim fræðigreinum, sem leitast við að út-
skýra *félagsmálin*. Þar má segja, að hver höndin sé upp á
móti annari. Hver stétt hefir svo að segja sinn sannleik,
sína útskýringu á eðli félagsheildarinnar. Og það sem er
einni stétt sannleikur er annari banvænustu ósannindi. Þessi
glundroði í félagsmálaskýringunum hefir leitt marga menn
til að efast um, að þar væri nokkur sannleiki finnanlegur
og að öll félagsfræði væri fjarstæð vitleysa. Aðrir eru von-
betri. Þeir útskýra samkomulagsleysið með því, að félags-
lífið sé allra viðfangsefna flóknast, og að eiginleg félags-
málarannsókn sé tiltölulega ung. Þar sé því að vonum
lengur að biða uppskerunnar heldur en á þeim sviðum,
þar sem starfið er auðveldara og starfsmennirnir betur sam-
taka. Sérstaklega er rétt að gæta þess, að stéttabaráttan tef-
ur mjög starf eiginlegra félagsfræðinga, sökum þess, að

sumar stéttir vilja ekki að sannindi, sem eru þeim í óhag, verði viðurkend, því að af þeirri viðurkenningu mundi leiða takmörkun gamalla forréttinda. Þar sem þarf að vernda þvílíka stéttahagsmuni er ekki sparað að hafa á ferli nokkurskonar vísindalega kolkrabba til að grugga leiðina og villa sýn. En einmitt þessi staðreynd, að nú þykjast vinna að rannsókn félagsmálanna mjög margir þeir menn, sem í raun og veru leita ekki sannleikans, heldur reyna að fela hann til að bjarga fornu misrétti frá bráðum bana, gefur von um að smátt og smátt takist að greina úlfana frá hjörðinni og starfa að sannleiksleit í félagsmálum með sömu óhlutdrægni og nú er gert í þeim vísindum, er snerta dauðu náttúruna. Þá mun heldur ekki þurfa að kviða því, að félagsfræðin verði hálli undir fæti heldur en aðrar fræðigreinar.

Það efni, sem hér er tekið til meðferðar, er eitt hið mesta þrætuepli meðal auðfræðinga og hefir verið það um langa hríð. Viðfangsefnið er að útskýra verð hlutanna, af hverju verð þeirra stafar, og hverjum lögum það er háð. Og útskýringarnar eru aðallega tvær. Annarsveggar eru auðmenn og þeirra fylgifiskar. Þeir segja, að mannlegur vilji gefi hlutunum verð og hafa myndað hina alkunnu setningu um framboð og eftirspurn. Hinsveggar eru jafnaðarmenn. Þeir segja, að það sé vinnan, sem skapar verð hlutanna. Og þeir neita því þverlega, að kenningin um framboð og eftirspurn sé frambærileg fullnaðarskýring á verðgildi hluta. Hér er því verkefnið, það að skýra frá báðum þessum kenningum, og síðan að leitast við að meta þær og að greina sannindin frá umbúðum stéttahleypidómanna. Skal þá fyrst tekin kenning auðvaldssinna. Hún er kend við flestalla háskóla um víða veröld, og gegnsýrir þess vegna meginþorra allra auðfræðisrita, sem til eru. Á íslensku má best fræðast um þessa kenningu í Viðskiftafræði Jóns Ólafssonar, sem kend hefir verið í *Verstunarskólanum undanfarin ár*. Hr. Jón Ólafsson byggir bók sína á kenningum nafnkends erlends auðfræðings, er uppi var á öldinni sem leið. Þeirri hlið málsins er því best komið með að tilfæra hér skýring hr. Jóns Ólafssonar. Hann segir, að það sé

mannlegur vilji. — — — »Þessi vilji manna,« segir hann, »er í verzlunarmálinu kallaður framboð og eftirspurn. Af þessu er það ljóst, að hin eina sanna orsök gildis (verðs) er mannlegur vilji og ekkert annað.

Það er mjög algengt, að einhverja vinnu hefir þurft til að framleiða þá hluti, sem verðgildi hafa; af því hafa sumir menn, t. d. »socialistar«, flutt þá kenningu, að vinnan væri uppspretta og orsök alls verðgildis. En þetta er hrein villukenning. Maður, sem er klaufi, getur varið mikilli vinnu og fyrirhöfn til að smíða einhvern hlut, sem skemmist svo í höndunum á honum, að hann ónýtir alt efnið. Það ómak vill enginn borga honum. Sú vinna hefir ekkert gildi. Hinsveggar getur verið hlutur, fágætur og dýrmætur, sem hefir kostað litla eða alls enga vinnu. Þannig t. d. gimsteinn, sem eg finn fyrirhafnarlaust á jörðunni. Hann hefir enga vinnu kostað mig, og þó getur hann haft stórmikið gildi, af því að margur vill eiga hann og borga stórfé fyrir, með öðrum orðum af því að mikil eftirspurn er eftir honum en lítið til af honum. Þetta og mörg önnur dæmi eru svo ljós, að enginn ætti að þurfa að vera í vafa um það, að það er eftirspurnin en ekki vinnan, sem veitir hlutunum gildi.«

Þannig er þá kenning auðmannanna. Eftirspurnin ein skapar markaðsverðið. Vinnan sem gengur í að skapa hlutina er óviðkomandi verði þeirra. Þá er að líta á hina skodunina, sem hr. J. Ó. nefnir »hreina villukenningu«. Hún heldur því fram, að vinnan sé móðir auðsins. Án vinnu myndist enginn auður. Og markaðsverð hluta fari eftir því, hve mikil vinna og hve dýr vinna hafi verið lögð í að framleiða þá. En þetta þarf þó nokkuð nánari skýringa við.

Í öllum sýnilegum hlutum, sem kallað er að menn hafi búið til, hefir náttúran lagt efnið í hendur þeim. Maðurinn finnur efnið í náttúrunni, en vinnur að því að breyta því eða færa það til. Við það fær efnið verðgildi. Áður en Ingólfur Arnarson kastaði eign sinni á Kjósar- og Gullbringusýslur, höfðu þessi héruð, gæði lands og sjávar,

ekkert verðgildi. Þau voru ónotuð náttúrugæði. Grasið óx á landinu, og miljónir fiska gengu að ströndinni. En hvorugt hafði nokkurt gildi á auðfræðis vísu fyrir en mannleg vinna kom þar til sögunnar. Og þó að landnám Ingólfs hafi nú nokkurt verðgildi, þá mundi það gildi hverfa, ef öll mannleg vinna hætti á því svæði og héraðið legðist í eyði. Þessvegna má ekki blanda núverandi verði náttúrugæðanna inn í deiluna um markaðsverðið. Efnisheimurinn er sú mikla uppspretta, sem bætir úr þörfum manna, en þó því að eins að mannleg vinna umbreyti efninu. Hvert sem lítið er, sjást sannindi þessarar kenningar. Húsin sem við lifum í eru reist með mannlegri vinnu, en stein, timbur, torf, járn o. fl., sem til húsa þarf, leggur náttúran til. Fötin eru gerð úr ull, bómull, silki og skinnum. Sauðfé, bómullarjurt og silkiormar voru til, mönnum að þakka lausu. En afurðir þeirra skýldu engri manneskju fyrir en mikilli vinnu var varið til að hagnýta þessi náttúrugæði. Hr. Jón Ólafsson spyr í háði (Viðskiftafræði, bls. 167): »Hafa þá verkamenn skapað kornið á akrinum eða grasið á enginu? Hafa verkamenn skapað nautgripi og sauðfénað? Hafa þeir skapað fiskana í sjónum?« En hver mundi seðjast af framlögum náttúrunnar, ef mannsvit og manns hönd hefði eigi flutt, breytt og bætt gjafir hennar? Þar að auki má fullyrða að fáir akrar vaxa sjálfsánir og eigi eru margir þeir staðir á Íslandi, þar sem búsmalinn lifir sjálfala, og mun formælendum auðvaldsins erfitt að verja þessa kenningu hr. J. Ó. Og þó verkamenn hafi eigi búið til fiska í sjóinn (nema ef telja skyldi mannlega hjálp við fiskaklak), þá mundi lítið um fisk á landi, ef eigi væri af mönnum starfað að fiskiveiðunum.

Þó að hér sé einungis minst á hús, fót og fæði, þá gildir nákvæmlega hið sama um aðra hluti, sem fullnægja mannlegum þörfum. Náttúran hefir í fyrstu lagt efnid til ókeypiss og mannsvinnan skapað söluhlutinn. Að vísu munu menn spyrja hvort lönd, skógar, veiðivötn o. s. frv. séu nú eigi söluhlutir, og þó eigi af mönnum gjörðir. En því er svarað fyrirfram með dæminu um Ingólfr. Án manna hafa

þessir hlutir ekkert gildi. Og það er skipulagsatriði í mannfélaginu nú sem stendur, að sum náttúrugæði hafa sölugildi. Fyrir fáeinum þúsundum ára var land jafn sameiginlegt öllum, sem nota vildu, eins og andrúmsloftið er enn, og sjórinn utan landhelgis. Og sölugildi eða markaðsverð náttúrugæða fer eftir því, hvað vinnan getur gert úr þeim mikið af gagnlegum hlutum.

Til að skýra nokkuð betur hvernig vinnan skapar verðið, tek eg eitt einfalt dæmi: Í búið nokkurri í Reykjavík fást útskornir smástokkar, sem kosta 13 krónur. Upprunalega eru þeir búnir til í Svisslandi, að miklu leyti með vélavinnu, og kosta tvær krónur komnir til Rvíkur. Þar kaupir tréskeri stokkana og sker þá út haglega. Hann er tvo daga með hvern grip og selur þá síðan á 12 krónur. Seljandi fær þá eina krónu fyrir sitt ómak, en tréskerinn fimm krónur á dag fyrir vinnuna og er það fremur lítið, þegar lítið er á nauðsynlegan undirbúning hans til að geta gert verkið.

Hver og einn sem eitthvað hefir unnið að þessum litla hlut fær að lokum eitthvert brot af árstekjum sínum að launum. Og sé vinnan, þó ekki sé nema einn liður í samvinnunni, t. d. kaup tréskerans, lækkað svo að hann geti ekki lifað af því, þá hverfur hann úr sögunni eða tekur að stunda aðra atvinnu. Varan hættir þá að koma á markaðinn þar til vinnan er betur borguð, svo að aðrir menn geta staðið við að ganga í spor þeirra, sem frá hurfu. Af þessu dæmi sést, hve lítið sönnunargildi er í orðum hr. J. Ó. um klaufann, sem ónýtti hlutinn og meira að segja efnid líka. Verðið á stokknum er ekki kaup klaufans, sem að tréskurði kann að vinna, og ekki heldur afburðamannsins, sem vinnur á við tvo. Verðið miðast við meðaltal allra þeirra sem verkið vinna. Þetta er viðurkent í öllu kaupgjaldi. Menn við sömu vinnu: Kaupamenn og kaupakonur við slátt, vegavinnumenn, verkstjórar, kennarar, hásetar, prestar, læknar o. s. frv. vinna fyrir ákveðið meðalmannskaup. Engir tveir vinna nákvæmlega jafnvel, en um það er ekki hirt. Kaupið er miðað við verk meðalmannsins, við málsverkið. Og þetta kaup er markaðsverð mannsins, verð

á starfsaffi hans í einn dag, viku, mánuð, missiri, ár eða alla æfi meðan hann er starffær. Þessi kenning jafnaðarmanna bregður skörpu ljósi yfir muninn á markaðsverði hinna ýmsu stétta. Eins og hver bjálki af sænsku timbri hlýtur að vera dýrari upp í sveit á Íslandi heldur en þegar hann lá nýfeldur í skógarjaðrinum, því að allur kostnaður við flutninginn hlýtur að leggjast á hann, svo verður einnig að gjalda meira fyrir vinnu læknisins heldur en vegavinnumannsins. Annar þarf engan undirbúning, hinn 10—12 ára nám, sem er óhjákvæmilegt til þess að geta leyst starfið af hendi. Markaðsverð á starfsaffi læknisins er þessvegna miðað við það, hve dýrt er að skapa og viðhalda manni með slíkri færni. Ef mannlegur vilji réði markaðsverði vinnunnar, þá væri ekki óhugsandi að í einhverju læknishéraði yrði farið fram á að fá lækni fyrir venjulegt vinnumannskaup. Sú ósk mundi bera lítinn árangur. Enginn læknir fengist fyrir það. Og þó allir menn í heiminum kæmu sér saman um að óska eftir læknisvinnu fyrir svo lágt gjald, þá hefði það ekki önnur áhrif en þau, að enginn maður legði stund á læknisfræði og sú fræðigrein dæi út. Menn sæu þá ótal betri vegi til að ávaxta peninga, heldur en að eyða þeim í læknisfræðisnám, sem engan arð bæri.

Nú mundu auðvaldssinnar spyrja: »Hefir þá hlutfallið milli framboðs og eftirspurnar enga þýðingu?« Jú, nokkra, en yfirleitt mjög lítilfjórlega. Sé framboð og eftirspurn jafnt, þá kemur fram meðalverðið, sannvirðið, framleiðslukostnaðurinn. Sé framboðið meira en eftirspurnin, lækkar varan lítið eitt í bili. Og sé eftirspurnin meiri en framboðið, hækkar varan lítið eitt yfir sannvirðið. Hversvegna þetta er ætíð mjög lítilfjórlegt á hvorn veginn sem er, verður útskýrt síðar.

Nú hefir lauslega verið skýrt frá kenningum auðvaldssinna og jafnaðarmanna um markaðsverð. Í augum jafnaðarmanna hefir vinnan úrslita-áhrif á verð hlutanna, en framboð og eftirspurn lítilfjórleg stundar-áhrif eins og vindblæring sem gáar yfirborð hafins, svo að öldudalurinn verður lítið eitt lægri og ölduhryggurinn órliðið hærri heldur en

marflöturinn mundi vera í stafalogni og sjóleysu. Frá þeirra sjónarmiði er jafn grunnfært að mæla dýpt hafins eftir gárunum á yfirborðinu og hitt, að skýra markaðsverðið með framboði og eftirspurn, sem líka séu augnabliksgárar á úthafi fjármáfanna. Hinsvegar telja auðvaldssinnar framleiðslukostnaðinn óviðkomandi markaðsverðinu og framboð og eftirspurn alvöld um verðlagið.

Það er eftirtektarvert við kenningu auðvaldssinna, eins og hún kemur fram í *Viðskiftafræði* hr. J. Ó. og raunar hjá skoðanabræðrum hans yfirleitt, að þeir gera sig ánægða með svo lítið. Enginn, sem spyr um hversvegna folaldið kostar 25 krónur, hækkar síðan í verði um 30 kr. á ári þangað til það er fullorðinn hestur, verður öllu fróðari af að fá það svar, að þetta mismunandi verð sé að kenna mannlegum vilja. Sá vilji virðist ærið dutlungafullur og mjög fáráður. Því að ef viljinn einn var nægur til að verðleggja hestinn, þá er það óskiljanlegt hvað vilji kaupandans er alt af sanngjarn við framleiðandann. En raunar virðist þetta hjal auðvaldssinna um viljann vera frémur gaman en alvara.

Aftur á móti skýrir kenning jafnaðarmanna þetta til fullnustu. Verðhækkun hestsins á þessum aldri stendur í nákvæmu samræmi við tilkostnaðinn, við meðalverð á ársfóðri hesta undir núverandi kringumstæðum á Íslandi.

Aðalsönnun hr. J. Ó. í hinum tilfærða kafla eru dæmin um klaufann og gimsteininn, enda eru þau gamall kunningi úr samskonar ritum á erlendum málum. Bæði eiga dæmin sammerkt í því að vera nokkuð »utangarna«, vera utan við efnið. Þeir verkamenn, sem eru svo klauffengir að þeir koma engu áleiðis með vinnuna og meira að segja ónýta efnið, sem þeim er fengið í hendur, eru áreiðanlega svo sjaldgæfir, að þeir hafa ekki áhrif á markaðsverð. En annars er þetta dæmi hreinn og beinn útúrsnúningur, eins og sjá má af því sem áður er sagt um gildiskenningu jafnaðarmanna. Verð á vöru fer eftir meðalverði á meðalmannsverki allra þeirra sem sömu atvinnu stunda og eiga aðgang að sama markaði. Segjum að meðalverð á íslensku

útheyi séu 6 kr. fyrir hestinn (100 kg.), og að það verð sé miðað við að karlmaður slái 4 hesta á dag, og að tilkostnaður við heyið sé í hlutfalli við það. Nú eru dæmi til að einn maður með sláttuvél getur slegið á við 7 menn, og þá í samræmi við hið fyrra dæmi 28 hesta á dag. Þeim bændum, sem heyja með slíkum vélum, verður heyið mun ódýrara en fjöldanum. En meðan þeir eru fáir hefir það engin áhrif á markaðsverð á heyi eða búfjárframleiðslu. Það verður happ þess er hlýtur. Á sama hátt fullyrða jafnaðarmenn að klaufinn með sitt ónýta axarskaft verði að bera hallann sjálfur og velta út af eða fara á sveitina, ef hann ónýtir alt sem hann snertir á. Og gimsteinadæmið er svo utan við efnið að óhætt er að ganga fram hjá því að sinni. En geta má þess, að jafnaðarmenn hafa sannað, að verð á gulli, sem er annað friðindið til, er í nákvæmu hlutfalli við framleiðslukostnaðinn, miðað við *alla* þá vinnu, sem til gullgraffar er varið.

Á eftir þessum sönnunum kemur höf. síðan með hina venjulegu ályktun auðvaldssinna: »Það er eftirspurnin en ekki vinnan, sem veitir hlutunum gildi.«

Áður hefir verið vikið að því, að hve miklu leyti auðfræðingar meðal jafnaðarmanna viðurkendu hið svonefnda lög málframboðs og eftirspurnar sem hr. J. Ó. vikur hér að. Þeir telja það útskýra bláyfirborðið, þegar ekki er kyrt. Nú hefði ef til vill verið rétt að viðurkenna þessa skýringu, ef hún hefði átt alstaðar við, þótt grunnfær sé. En því er ekki að heilsa. Framboðs- og eftirspurnar-kenningin hefir alt af haft snöggan blett, sem örvar andstæðinganna smjúga sífellt í gegnum, hvenær sem þeim er beint þangað. Samkvæmt kenningu þessari mætti búast við að þegar framboð og eftirspurn standast á, þá verði hlutirnir verðlausir!

Öætum nú betur að. Framboðs- og eftirspurnar-kenningin er af sínum fylgismönnum talin að vera óbyggjandi lög málframboði, eins og t. d. þyngdarlögin eru í stjórnufræði. Sannindi slíkra allsherjarlaga verða að eiga við hvarvetna, svo langt sem þau ná. En svo er eigi með þessi lög, ef lög skyldi kalla. Þau útskýra verðfall með of miklu

framboði, og hækkun með of litlu framboði. En hvað gerist þegar framboð og eftirspurn er jafnt? Þá veiga þessi tvö andstæðu öfi hvort á móti öðru og eru jafnstærk. Þá getur ekkert orðið fyrir þeirra tilhlutun. Ef sú kenning er rétt að eftirspurnin *ein* ráði markaðsverði, þegar annaðhvort þeirra er hinu yfirsterkara, þá er um leið auðgefið, að þegar þessi eina verðgildis-uppspretta hættir að starfa, þó ekki sé nema í bili, þá hætta hlutirnir að hafa nokkurt gildi. Þá eru allir hlutir (af þeirri tegund sem jafnvægið nær til) verðlausir og falir fyrir ekki neitt. Ef hundrad hestar eru falir á einhverjum stað, og beðið er um hundrad hesta, hvorki meira né minna, þá fást þær skepnur fyrir ekki neitt, samkvæmt kenningu auðvaldssinna. Hvort svo mundi reynast í raun og veru getur hver óvitlaus maður skorið úr. Hinsvegar er auðséð, að kenning jafnaðarmanna útskýrir þetta atriði til fullnustu. Þegar framboð og eftirspurn standast á, er jafnvægi á markaðinum. Þá eru hlutirnir seldir við sannvirði, hvorki meira né minna en þeir kosta. Auðvaldssinnar vita vel að þessi blettur er þeim hættulegur. Flestir hlaupa yfir á hundavaði og fela veiluna með algerðri þögn. En þeir sem eru drengir, betri og vitrari, viðurkenna að þessi ásökun, sem hér hefir verið fram færð, sé réttmæt, og að henni verði ekki svarað frá þeirra hlið. Raunar er skýring jafnaðarmanna um þetta atriði svo ljós að eigi þarf þar fleiri orða við, og tregða auðvaldssinna að viðurkenna hana virðist koma af ótta við vinnandi stéttirnar og skorti af velvild til þeirra. Framboðs- og eftirspurnar-kenningunni er haldið á lofti auðvaldinu til varnar, jafnvel þó að forvígismenn kenningarinnar flækist eftirminnilega í sínu eigin neti í hvert sinn sem þeir eru mintir á snögga blettinn, sem kippir fótunum undan allri þeirra verðgildisbyggingu.

Að síðustu eitt orð um það, hversvegna gárarnir á markaðinum, af misjöfnu framboði og eftirspurn, hljóta ætíð að vera litilfjörlegir. Ef framboðið af einhverri vöru er svo lítið að varan hækkar mjög í verði, þá fjölgar skyndilega þeim sem framleiða þá vöru, af því sú atvinna er þá mjög arðvænleg. En af þessu lækkar varan ofan í sannvirði, eða

lítið eitt minna. En lækkunin getur aldrei orðið til lengdar neðan við »frostpunkt« markaðsverðsins (framleiðslukostnaðinn, þ. e. að framleiðendur geti lifað af atvinnu sinni), því að ef svo væri, þá hættu allir að búa til þann varning og hann yrði ófánlegur.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið skýrt frá, virðist mjög erfitt fyrir óhlutdræga menn að fallast á verðgildiskenningu auðvaldssinna, þótt hún sé byggð á nokkrum yfirborðs-sannindum. Hinsvegar virðist skýring jafnaðarmanna um að meðalmannsverkið ráði markaðsverðinu (að viðbættum gárum framboðs og eftirspurnar, þegar þessi öfl vega ekki hvort upp á móti öðru) bregða björtu ljósi, bæði yfir sjálft markaðsverðið og mörg önnur atriði auðfræðinnar.

Jónas Jónsson.

